# Morgunfundur VFÍ
# Staðan frá sjónarhóli hönnuða og ráðgjafa

Egill Viðarsson
sviðsstjóri Samgöngu- og umhverfissviðs

30. apríl 2018

- **<u>Minna skrifræði - Meiri ábyrgð – yfirskrift fundarins</u>**

  - Erfitt að vera ráðgjafi við framkvæmdir, þegar viðmiðanir eru óljósar

  - Byggingarreglugerðin er nokkuð skýr, þar er hægt að skila inn tillögum að byggingum og hönnuðir og ráðgjafar er nokkuð/mjög vissir um afgreiðslu á innsendum tillögum

  - Algengustu skipulags- og matsferli við framkvæmdir eru
    - Aðalskipulag – Breyting
    - Deiliskipulag
    - Umhverfismat áætlana
    - Mat á umhverfisáhrifum

    Einnig má nefna framkvæmdaleyfi, rekstrarleyfi, starfsleyfi, o.fl.

  - Tímalengdir á þessum skipulagsferlum eru mismunandi, en þær halla nær alltaf á framkvæmdaraðilann / ráðgjafann.

- **Lögbundnir tímafrestir – eiga þeir bara við suma, ekki alla?**

  - Á heimasíðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála segir orðrétt:
    - *Málshraði fyrir nefndinni styttist lítillega á árinu. Hann er þó enn of mikill miðað við það sem lögbundið er.*
    - http://uua.is/?c=frettir&id=20&lid=&pid=

    - **Má þetta?**

    - Hönnuðir og ráðgjafar geta ekki tekið sér tíma og breytt lögbundum frestum sér til hagsbóta, en það virðist vera í lagi hjá stofnunum og nefndum ríkisins
    - Einhver takmörk eiga að vera þar, tafir hjá stjórnsýslustofnunum hafa verið svo mánuðum skiptir í einhverjum tilfellum
    - Lögbundnir álitsgjafar, úrskurðaraðilar hafa ákveðinn tíma til að úrskurða, en nær undantekningarlaust standast þau tímamörk ekki

- **Kærur – eiga of margir kost á því, á öllum stigum máls?**

  - Það hefur komið fram sú tillaga að auk þeirra sem eiga beina lögvarða hagsmuni geti þeir einir kært úrskurð eða leyfi, sem átt hafa aðild að málinu á fyrri stigum þess
  - Það er undarlegt að “óbeinn“ hagsmunaaðili geti kært úrskurð eða leyfi á síðasta degi kærufrests

  - Þessi tillaga virðist hafa fengið dræmar undirtektir víða

  - Þeir einir ættu að geta kært á síðasta stigi, áður en t.d. endanlegt framkvæmdarleyfi, sem hafa þá komið áður að samráðsferlinu eða lagt fram kæru á fyrri stigum málsins

- **<u>Samráð – ferli sem er vannýtt ?</u>**

  - Við gerð aðalskipulags, hvort sem það er heildarendurskoðun eða endurskoðun að hluta, þá hefur það komið vel út að hafa mjög náið samráð við alla hluteigandi aðila að málinu

  - Má ekki yfirfæra samráðsferli skipulagsmála yfir á ferlið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda?
  - Þá væri til vettvangur þar sem hagsmunaaðilar geta komið saman og rætt og skipts á skoðunum um þau atriði sem þeim finnst að þurfi að skoða betur, o.s.frv.

  - Þarna mætti greina betur hvort samráðsferli í anda þess sem lýst er hér að ofan sé ekki góð leið til að ná betri sátt um framkvæmdir.
  - Þannig mætti hugsanlega koma í veg fyrir kærur sem á ávallt að vera það síðasta sem aðilar eiga að þurfa að gera

- **<u>Viðmiðanir – hversu langt á að ganga í mat á umhverfisáhrifum ?</u>**

  - Þarna vantar miklu skýrari viðmið
  - Erlendir fjárfestar sem vilja fjárfesta hérna skilja ekki þá ráðgjöf að við ráðgjafar getum ekki sagt með vissu hversu langt þarf að ganga mati á umhverfisáhrifum í vissum gerðum framkvæmda né óvissu með tímaferla
  - Það kemur svo bara í ljós?? Það er algjörlega óásættanlegt að svo sé

  - Víða erlendis eru ákveðin svæði tekin skipulögð og gert mat á umhverfisáhrifum fyrir ákveðnar gerðir framkvæmda, t.d. Gagnaver, vindorkuverk, ákveðinn tegund iðnaðar

  - Virðist ómögulegt að gera slíkt hér. Að minnsta kosti er slíkt ekki mikið í umræðunni hjá yfirvöldum.
  - Fyrir fjárfesta sem vilja fjárfesta hér, þá er það óásættanlegt að það sé geðþóttaákvörðun hverju sinni hvaða framgang og afgreiðslu skipulag framkvæmda fær

# Mat á umhverfisáhrifum



# Ferli við breytingu á aðalskipulagi




★ Samþykkt í sveitarstjórn

- Umhverfismat áætlana fylgir ferlinu samkvæmt lögum og er því auglýst samhliða á öllum stigum
- Myndin sýnir hefðbundið ferli við breytingu á aðalskipulagi og tilgreinir lágmarkstíma ferlisins. Í einhverjum tilfellum geta orðið undantekningar eða breytingar á ferlinu.

# Deiliskipulagsferli



VERKFRÆÐISTOFA

Heilindi
Metnaður
Frumkvæði